



SPURT OG SVARAÐ

UM AÐGRÐIR GEGN PENINGAÞVÆTTI
OG FJÁRMÖGNUN HRYÐJUVERKA

Lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

5. gr. laga nr. 140/2018

Hvað teljast vera viðeigandi ráðstafanir til að kanna uppruna auðs og uppruna fjármuna? Hvað teljast viðeigandi ráðstafanir þegar kemur að uppruna auðs eða uppruna fjármuna þegar í hlut eiga ólögráða börn og mögulega ólögráða börn sem teljast til einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla?

Viðeigandi ráðstafanir eru mismunandi eftir því hver áhættan er metin af samningssambandinu hverju sinni. Þetta mat á að vera heildstætt og snúa að öllum þáttum samningssambandsins. Í samræmi við 5. gr. laga nr. 140/2018 skal áhættumat félagsins m.a. vera grundvöllur áreiðanleikakönnunar og reglubundins eftirlits. Í samræmi við það þurfa aðgerðirnar að vera sniðnar að þeirri áhættu sem taldar eru stafa af samningssambandinu. Í áhættumati félagsins er rétt að gera grein fyrir þeim áhættuþáttum sem snúa að væntum viðskiptamönnum og þá einnig að áhætta sem tengist stjórnmalalegum tengslum (e. politically exposed person) viðkomandi er mismikil og kallar á mismunandi umfang þeirra aðgerða sem koma fram í 17. gr. laga nr. 140/2018.

Í greinargerðinni með lögnum segir um 17. gr. laganna: „Ráðstafanir samkvæmt ákvæðinu fara eftir því hversu mikil áhætta tengist stjórnmalalegum tengslum viðkomandi og skulu þær vera fullnægjandi og viðeigandi og ekki ganga lengra en nauðsyn krefur.“ Þetta snýst fyrst og fremst um að taka upplýsta afstöðu út frá þeirri áhættu sem talin er stafa af samningssambandinu hverju sinni. Ef um væri að ræða aðila í áhættuflokki vegna stjórnmalalegra tengsla frá öðru ríki, jafnvel áhættusömu ríki, væri eðlilegt að gera meiri kröfur. Aðgerðir sem lúta að einstaklingum með stjórnmalaleg tengsl geta í raun ekki verið staðlaðar heldur þurfa þær að vera atvikiþundnar og sveigjanlegar eftir áhættu og aðstæðum hverju sinni þó svo að til staðar þurfi að vera tiltekna meginreglur sem unnið er út frá í upphafi.

Ætla má að áhættan tengd barni einstaklings í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla sé metin minni en þegar um er að ræða einstaklinginn sjálfan. Sú áhætta sem metin er í hverju tilviki fyrir sig er grundvöllur þeirra aðgerða sem tilkynningarskyldur aðili þarf að grípa til skv. 17. gr. Í tilvikum sem þessum þarf að leggja meiri áherslu á reglubundið eftirlit en ella. Í því felst að vera vel vakandi fyrir breytingum á hegðunarmynstri og greiðslum inn á reikninginn.

Telja verður að það að spyrja ólögráða einstakling í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla um upplýsingar um uppruna fjármuna sem notaðir eru í samningssambandi séu viðeigandi ráðstafanir í skilningi laga nr. 140/2018 og reglugerðar 745/2019 og því er mögulega ekki þörf á að afla aukinna gagna og skjala til að kanna uppruna auðs/fjármuna ef lítil áhætta er talin stafa af samningssambandinu (s.s. vegna eiginleika vörunnar). Þó er vert að árétta að hvert tilvik er háð heildarmati á aðstæðum og áhættuþáttum hverju sinni.

8. gr. laga nr. 140/2018

Ef tilkynningarskyldur aðili tekur ekki við fjárfestingum beint frá fjárfestum heldur aðeins fyrir milligöngu annarra fjárfélagafyrirtækja, er þá um að ræða viðskiptasamband milli tilkynningarskylda aðilans og endanlegs fjárfestis? Hver telst viðskiptamaður rekstraraðila sérhæfðs sjóðs?

Í 8. gr. laga nr. 140/2018 segir að tilkynningarskyldir aðilar skuli framkvæma áreiðanleikakönnun á viðskiptamönnum sínum í ákveðnum tilvikum m.a. við upphaf samningssambands. Í 24. tölulíð 1. mgr. 3. gr. laganna er samningssamband skilgreint sem viðskiptasamband tilkynningarskylds aðila við viðskiptamann sem er til komið vegna viðskipta viðskiptamanns við tilkynningarskyldan aðila og sem gert er ráð fyrir, á þeim tíma sem viðskiptasambandi er komið á, að vari um ákveðinn

tíma. Að öðru leyti veita lögin ekki frekari leiðbeiningar um hver teljist viðskiptamaður í skilningi laganna.

Í grein 16.13 í viðmiðunarreglum EBA um [áhættuþætti](#) segir að það hvernig aðili kemur til viðskipta við sjóð ráði því hvernig rekstraraðilar eða rekstrarfélög skuli uppfylla skyldu sína til að framkvæma áreiðanleikakönnun. Í grein 16.14 eru tiltekin nokkur dæmi um hvernig aðili kemur í viðskipti við sjóð. Sérstaklega er vakin athygli á c- og d-lið greinarinnar sem fjallar annars vegar um það tilvik þegar hlutdeildarskírteini er skráð á nafn fjárfestis, og hins vegar þegar hlutdeildarskírteini er skráð á nafn fjármálafyrirtækis (t.d. í gegnum safnreikning) en verið er að fjárfesta fyrir hönd annars aðila (endanlegs fjárfestis).

Í þeim tilvikum sem aðili fjárfestir í sjóði í eigin nafni, óháð því hvort hann fjárfestir fyrir milligöngu annars tilkynningarskylds aðila eða án milligöngu, myndi sá aðili sem skráður er fyrir hlutdeildarskírteininu teljast viðskiptamaður rekstraraðila sérhæfðs sjóðs í skilningi 8. gr. laga nr. 140/2018, sbr. a- og d-liður greinar 16.14. í viðmiðunarreglum EBA. Í þeim tilvikum þegar fjárfest er fyrir milligöngu annars tilkynningarskylds aðila, en aðili fjárfestir í sjóði í eigin nafni, hvílir bæði skylda á milligönguaðilanum í viðskiptunum og á rekstraraðila sérhæfða sjóðsins til að framkvæma áreiðanleikakönnun á viðkomandi fjárfesti í skilningi laga nr. 140/2018, sbr. einnig grein 16.21 í viðmiðunarreglunum.

Í þeim tilvikum sem fjármálafyrirtæki fjárfestir í sjóði, fyrir hönd fjárfestis, en í nafni fjármálafyrirtækis (t.d. í gegnum safnreikning sem skráður er á nafn fjármálafyrirtækis) telst fjárfestirinn að mati fjármálaeftirlitsins ekki viðskiptamaður rekstraraðila eða rekstrarfélags, heldur fjármálafyrirtækið, sbr. c-liður greinar 16.14 í viðmiðunarreglum EBA. Ber rekstraraðilanum í þeim tilvikum að framkvæma áreiðanleikakönnun á fjármálafyrirtækinu í samræmi við lög nr. 140/2018, sbr. einnig grein 16.20 í viðmiðunarreglunum.

Hvað varðar upplýsingar um endanlega fjárfesta í sjóðum vill fjármálaeftirlitið einnig vekja athygli á að í 3. mgr. 76. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða er kveðið á um að ef hlutdeildarskírteini er skráð á safnreikning skuli viðkomandi fjármálafyrirtæki veita rekstraraðila upplýsingar um nöfn og kennitölur raunverulegra eigenda, hvenær sem rekstraraðili óskar þess. Samkvæmt 1. mgr. 76. gr. laga nr. 45/2020 ber rekstrarfélaginu einnig að halda skrá yfir hlutdeildarskírteinis-hafa í sjóðnum og í þeirri skrá skulu m.a. koma fram nöfn og kennitölur eigenda. Upplýsingar um endanlega fjárfesta í sjóði ættu því að einnig að vera veittar á grundvelli framangreindrar skyldu fjármálafyrirtækja

til þess að veita rekstraraðila upplýsingar um nöfn og kennitölur raunverulegra eigenda eða endanlegra fjárfesta í sjóðum.

10. gr. laga nr. 140/2018

[Geta aðilar sem koma fram fyrir hönd viðskiptamanns sannað á sér deili með öðrum hætti en með því að framvísa viðurkenndum persónuskilríkjum?](#)

Lög nr. 140/2018 gera kröfu um að þeir aðilar sem koma fram fyrir hönd viðskiptamanns gagnvart tilkynningarskyldum aðila sanni á sér deili með framvísun viðurkenndra persónuskilríkja, sbr. b-lið 1. mgr. 10. gr. laganna. Ekki er gerð sérstök krafa um að aðrir fyrirsvarsmenn en þeir sem komi fram fyrir hönd viðskiptamanns sanni á sér deili.

[Eru rafræn skilríki viðurkennd persónuskilríki?](#)

Viðurkennd persónuskilríki eru í lögum nr. 140/2018 skilgreind sem gild persónuskilríki sem gefin eru út af stjórnvöldum eða eru viðurkennd af stjórnvöldum. Til gilda persónuskilríkja teljast m.a. vegabréf, öskuskírteini og nafnskírteini gefin út af Þjóðskrá Íslands eða samsvarandi erlendum stjórnvöldum og rafræn skilríki sem innihalda fullgild rafræn vottorð sem varðveitt eru á fullgildum undirskriftarbúnaði.

Rafræn skilríki teljast því vera viðurkennd persónuskilríki í skilningi laga nr. 140/2018.

[Er heimilt að sleppa því að krefjast persónuskilríkja þeirra aðila sem koma fram fyrir hönd viðskiptamanna ef áhættumat sýnir fram á litla hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka?](#)

Ekki er hægt að gera undantekningu á kröfum skv. 1. mgr. 10. gr., þ.m.t. b-lið ákvæðisins, í þeim tilvikum sem áhættumat sýnir fram á litla áhættu. Þó er heimilt að framkvæma einfaldaða áreiðanleikakönnun samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laganna hafi áhættumat sýnt fram á litla áhættu. Í 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 745/2019 um áreiðanleikakönnun sem fjallar um einfaldaða áreiðanleikakönnun kemur á hinn bóginn skýrt fram að ekki er hægt að gera undantekningu á kröfum samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laganna.

Um er að ræða kröfu sem byggir á 13. gr. fjórðu peningaþvættistilskipunarinnar 2015/849/EB, þó svo að 1. mgr. 10. gr. geri að vissu leyti strangari kröfur en leiðir af tilskipuninni. Hér er um að ræða ófrávíkjanlega lagakröfu samkvæmt íslenskum lögum.

B-liður 1. mgr. 10. gr. laga nr. 140/2018 tiltekur að lögaðilar eigi að sanna á sér deili með upplýsingum úr opinberri skrá og sýna fram á að þeir hafi heimild til að koma fram fyrir hönd viðskiptamanns. Uppfyllir það kröfur laganna ef tilkynningarskyldur aðili sæki sjálfur upplýsingarnar úr opinberri skrá og þær liggi fyrir við gerð áreiðanleikakönnunar? Er það lagaskylda að viðskiptamaðurinn sjálfur afhendi upplýsingarnar?

Fjármálaeftirlitið hefur túlkað 10. gr. laga nr. 140/2018, sem fjallar um áreiðanleikakönnun, á þann veg að í raun sé um tvíþætta kröfu að ræða; annarsvegar að viðskiptamönnum beri að sanna á sér deili og veita tilkynningarskyldum aðilum tilteknar upplýsingar sem kveðið er á um í 10. gr. og hins vegar að tilkynningarskyldir aðilar þurfi svo í kjölfarið að staðreyna upplýsingarnar sem að viðskiptamaðurinn veitir t.d. með upplýsingum úr opinberri skrá.

Meginreglan er því að viðskiptamaður veiti tilkynningarskyldum aðilum upplýsingar og tilkynningarskylda aðilanum beri í kjölfarið að bera þær saman við opinber gögn til að staðfesta að um réttar upplýsingar sé að ræða. Þetta kemur aftur á móti ekki í veg fyrir að tilkynningarskyldur aðili geti aflað tiltekinna upplýsinga fyrir hönd viðskiptamanns, s.s. um nafn, heimilisfang og stjórnarmenn (í tilviki lögaðila) en þá er mikilvægt að hann sé látinn staðfesta að upplýsingar sem liggi fyrir séu réttar og að tilkynningarskyldur aðili hafi einnig opinber gögn til að styðjast við til að sannreyna að um réttar upplýsingar sé að ræða svo að áreiðanleikakönnun nái markmiði sínu.

Markmið laga nr. 140/2018 er m.a. að greina og þekkja deili á þeim einstaklingum sem hafa prókúru eða öðrum þeim sem hafa sérstaka heimild til að koma fram fyrir hönd viðskiptavinar gagnvart fjármálafyrirtæki. Er heimilt að stofna til viðskiptasambands við félag án þess að persónuskilríkjum þeirra sem hafa heimild til þess að koma fram fyrir hönd félagsins sé framvísað?

10. gr. laga nr. 140/2018 segir: að „þeir sem koma fram fyrir hönd viðskiptamanns gagnvart tilkynningarskyldum aðila skulu sýna fram á að þeir hafi til þess heimild og sanna á sér deili skv. a-lið.“ Í íslenskri löggjöf hefur verið farin sú leið að gera kröfu um að aðilar sanni á sér deili með viðurkenndum persónuskilríkjum og því er ekki mögulegt að heimila undanþágu frá þeirri kröfu í einstökum tilvikum.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 10. gr. og til þess að trufla ekki eðlilegan framgang viðskipta má fresta því að sannreyna upplýsingar skv. 1. mgr. 10. gr. þar til

samningssamband hefur stofnast í þeim tilvikum þar sem lítil hættu er talin á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, sbr. 11. gr. laganna. Í slíkum tilvikum skulu upplýsingar skv. 1. mgr. 10. gr. sannreyndar eins fljótt og því verður komið við.

Tilkynningarskyldum aðilum er heimilt að stofna til samningssambands við viðskiptamann þrátt fyrir að skilyrðum 1. mgr. sé ekki fullnægt að því tilskildu að tryggt sé að viðskiptamaðurinn geti ekki framkvæmt viðskipti fyrr en áreiðanleikakönnun skv. 10. gr. hefur farið fram, að teknu tilliti til áhættumats tilkynningarskylds aðila og reglugerðar um áreiðanleikakönnun skv. 56. gr.

13. gr. laga nr. 140/2018

Gera þarf aukna áreiðanleikakönnun á öllum greiðslum sem tengjast áhættusömum og ósamvinnuþýðum ríkjum sem eru á listanum sem er uppgefinn á síðu fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Þarf að gera það áður en greiðsla er send og áður en greiðslu er skilað til móttakanda eða má það gerast í beinu framhaldi?

Lögin gera kröfu um að tilkynningarskyldir aðilar beiti aukinni áreiðanleikakönnun þegar um er að ræða viðskipti við aðila sem tengjast áhættusömu eða ósamvinnuþýðu ríki. Tilkynningarskyldir aðilar þurfa að beita áhættumiðaðri nálgun og meta þá áhættu sem tengist samningssambandinu og viðskiptunum og ákveða til hversu mikilla ráðstafana þarf að grípa, t.d. hvort kalli þurfi eftir skýringum á greiðslum. Í því getur falist að gera þurfi kröfu um að aukin áreiðanleikakönnun sé framkvæmd áður en greiðslu er skilað til móttakanda en í öðrum tilvikum, getur það verið mat bankans að það sé ekki þörf á því.

